


# OPDRIV SPÆRKE

## STYRKTAAR- BÆKLINGUR



# UM OKKUR



## TEAM SPARK

Team Spark er þróunarverkefni við Verkfræði og Náttúruvísindasvið Háskóla Íslands. Liðið samanstendur af u.þ.b. 50 nemendum frá ýmsum sviðum Háskólans. Markmið okkar verkefnis er að hanna, þróa og smíða rafknúinn kappakstursbíl frá grunni.

Í lok hvers tímabils keppir Team Spark í alþjóðlegri hönnunar- og kappaksturskeppni erlendis á frægum brautum. Keppnin gengur undir nafninu Formula Student.

Við erum stolt að kynna bílinn okkar í ár hana Kötlu TS-22. Markmið ársins eru að keyra hana úti á keppni eftir langt hönnunar og framleiðslutímabil vegna covid og síðan byrja að hanna næsta bíl sem er áreiðanlegri, fullkomnari og léttari en áður fyrr og fá sem flest stig á Formula Student keppnum erlendis.


Liðið á sér nú þegar nokkuð langa sögu, stofnað árið 2010 af litlum hópi verkfræðinema við HÍ, hefur það gert stöðugar framfarir síðan. Árið 2012 var fyrsti fullbúni bíll liðsins, TS12 var sendur til hinnar heimsfrægu kappaksturbrautar Silverstone í Bretlandi. Á þessari sömu braut árið 1950 hófst fyrsta heimsmeistarakeppni í Formúlu 1. Þannig má segja að sögulegur upphafstaður F1 sé sá sami og Team Spark steig sínu fyrstu skref í Formúlu Studenta. Framtíðin er sannarlega björt og við erum svo spennt að vinna með ykkur!

## FORMULA STUDENT

Formula Student er alþjóðleg kappaksturs- og verkfræðikeppni sem er haldin víðsvegar um heim. Keppnin er sú stærsta sinnar tegundar og eru flestir tækniháskólar með lið. Bíllinn þarf að uppfylla strangar reglur sem samtökin gefa út og komast í gegnum ítarlegar skoðanir áður en hann má keyra á keppnum. Árið 1981 var fyrsta Formula Student keppnin haldin af SAE International í Bandaríkjunum. Í dag eru FS keppnirnar haldnar víðsvegar um heiminn og telja þátttakendur um fimmtán þúsund. Keppnirnar eru iðulega haldnar á stórum kappakstursbrautum þar á meðal á brautum eins og Silverstone í Bretlandi, Circuit de Barcelona-Catalunya í Spáni, Red Bull Ring í Austurríki og Autodromo di Varano í Ítalíu og hver keppni stendur yfir um viku. Á hverju ári er stefnt á að fara með nýjasta bíl Team Spark á eina eða fleiri keppnir í Evrópu. Á Formula Student er keppt í sjö greinum af þeim eru þrjár fastar greinar og fjórar akstursgreinar. Alltaf má keppna í föstum keppnum en standast þarf strangar öryggisskoðanir áður en keppna má í akstursgreinum. Við stigagjöf er ekki eingöngu horft á bílinn sjálfan heldur einnig á frammistöðu liðsins í heild. Á hverri keppni getur lið skorað allt upp í 1000 stig í öllum greinum til samans. Stigaskipting í greinum er eftirfarandi:

- Fastar greinar: Hönnunar kynning, 150 stig. Kostnaðar- og framleiðslukynning, 100 stig. Viðskiptakynning, 75 stig.
- Aksturs greinar: Hröðun, 75 stig. Skid-pad, 75 stig. Autocross, 100 stig. Nýtni, 100 stig. Þol, 325 stig.


# SAMSTARFSGILDI OG UMHVERFISVITUND



Verkefni Team Spark líkjast raunverulegum aðstæðum sem nemendur munu takast á við í atvinnulífinu. Nemendur fá tækifæri til að tileinka sér vönduð vinnubrögð og öðlast verkvit. Samstarf fyrirtækja eykur tengslamyndun nemenda við atvinnulífið og samstarfsaðilar hafa greiðan aðgang að metnaðarfullum nemendum. Það að nemendur kynnist raunverulegum verkefnum er dýrmætt, lærdómsríkt og nýttist vel í starfi. Það er gaman að segja frá því að margir af fyrrverandi meðlimum liðsins hafa fengið glæsilegar atvinnur í gegnum tengslamyndum sem varð með tilkomu Team Spark. Það er eðlilegt að öflug fyrirtæki í framlínu vilji fá metnaðarfulla og úrræðagóða starfsmenn en það eru einmitt gildi sem Team Spark stendur fyrir og sannarlega eflir í hverjum og einum liðsmanni. Styrktaraðilar Team Spark njóta góðs af því að tengjast við Team Spark og í gegnum Team Spark tengjast þeir við fjöldan allan af glæsilegum fyrirtækjum og þessi samtenging eflir hug og dáð allra sem að verkefninu koma. Mikil áhersla er lögð á fjölmiðlun og miðlar á Íslandi hafa gaman að því að fylgjast með og fjalla um liðið og því er það mikill hagur fyrir samstarfsaðila að geta staðið föstum fótum að baki Team Spark.

Frá upphafi hefur Team Spark haft umhverfismál að leiðarljósi. Horft er til umhverfispáttá á öllum stigum framleiðslunnar. Þar sem bíllinn er rafmagnsbíll, spilar það stórt hlutverk í umhverfismálum. Íslendingar njóta þeirra forréttinda að hafa greiðan aðgang að hreinum orkuauðlindum. Nánast öll raforka sem framleidd er á Íslandi kemur frá vatns og gufuafli. Með aukinni umhverfisvitund er áhersla lögð á minnkun kolefnisspora jarðarbúa. Liðið hefur frá upphafi stuðlað að vitundarvakningu um mikilvægi þess að nota hreinni orkugjafa til þess að lágmarka skaðleg umhverfisáhrif.

Rafmagnstækni sem Team Spark framleiðir er ómetanleg þar sem á hverju ári byggist upp reynsla og þekking til viðbótar við þá sem til staðar er. Það er því raunverulegur hagur íslensks samfélags að styðja vel við Team Spark til að tryggja þekkingarsköpun á einu af mikilvægu málum framtíðarinnar en það er einmitt rafmagnstækni. Samgöngur framtíðarinnar munu reiða sig meira og meira á græna tækni þar sem rafhlöður spila gríðarlega stórt hlutverk. Með þekkingu sinni stuðlar Team Spark að því að Ísland geti verið mikil fyrirmynd og hönnunaraðili nýrra lausna á því sviði. Stöndum saman að þessu frábæra verkefni öll sem eitt og tryggjum grænni framtíð.



# FYLGSTU MEÐ OKKUR!



<https://teampark.is/is>



[teampark@teampark.is](mailto:teampark@teampark.is)



TeamparkFS




TeamparkFS



Team Spark

Team Spark er á öllum helstu samfélagsmiðlum undir nafninu TeamSparkFS. Liðið á sér einnig heimasíðu þar sem hægt er að nálgast meðal annars fréttir af liðinu, fróðleik um fyrri bíla liðsins og upplýsingar um okkar frábæru styrktaraðila.





# STYRKARPAKKAR

(Styrktarpakkar innihalda alltaf það sem pakkarnir fyrir ofan þá innihalda)

Ál

## Vefsíða

Styrktaraðilum er boðið upp á að fá merki sitt á vefsíðu Team Spark. Stærð og staðsetning merkja verður í samræmi við þrep styrktaraðila. Þetta er frábær leið til að vera sýnilegur styrktaraðili liðsins.

## Auglýsingaborði

Merki styrktaraðila mun birtast á auglýsingaborða sem fylgir Team Spark á kynningum bílsins. Með þessu getur styrktaraðili verið sýnilegur í stæl. Stærð og staðsetning merkis á borða mun raðast eftir þrepi styrktaraðilans.

Bronz

## Bíll

Styrktaraðilar í Bronz og ofar fá merki sitt á bílinn okkar. Hverjum langar ekki í að merki sitt verði sjáanlegt á kappakstursbíl? Stærð og staðsetning merkja raðast eftir þrepi styrktaraðila.

## Liðsbúningur

Styrktaraðilar í bronz og ofar er boðið að fá merki á liðsbúning Team Spark. Stærð og stað-setning merkja raðast eftir í samræmi við þrep styrktar-aðila. Allir liðsmenn klæðast liðsbúningum á kynningum og viðburðum tengdum liðinu.

Silfur

## Kynningar

Team Spark heldur kynningar um liðið þar sem fjallað er um gengi og framvindu þess. Styrktaraðila gefst tækifæri til að fá sitt merki á viðkomandi kynningarefni ásamt þess að fá kynningu um liðið.

## Samfélagsmiðlar

Styrktaraðili fær sérstaka umfjöllun í máli og myndum á helstu samfélagsmiðlum Team Spark. Þetta er frábær leið til að kynna þig fyrir öllum fylgjendum liðsins.

Gull

## Dagatal

Styrktaraðilar verða nefndir og lýst á árlegu dagatali Spark þar sem merki þeirra birtist ásamt lýsingu hvað viðkomandi hefur gert fyrir liðið.

## Þakkarpóstur

Styrktaraðilar fá þakkarpósta á öllum samfélagsmiðlum okkar, með þessu fylgir einnig útprentað og rammað eintak. Einstakt tækifæri til að monta sig smá um stolt yfir því að vera megin styrktaraðili.

Platinum

## Fatnaður

Styrktaraðilum er boðið upp á að fá merkið sitt á fatnað Team Spark sem liðsmenn klæðast yfir skólaárið. Einnig verður hægt að setja merki styrktaraðila á galla ökumanna liðsins. Ökumenn liðsins verða alltaf sýnilegir þegar bílnum er keyrt.

## Hjálmur

Platinum styrktaraðilar fá merkið sitt á hjálma ökumanna Team Spark. Hann er sýnilegur þegar bíllinn er í akstri ásamt því að hann er með í för á kynningum og viðburðum tengdum liðinu.



# YFIRLIT YFIR STYRKTARPAKKA OG STYRKTARÞREP

Hér er stuttur samanburður af öllum styrktar þökkum í boði. Alveg sama hversu stór styrkurinn er, færir hann Team Spark nær markmiði sínum að keppa erlendis. Team Spark er ótrúleg reynsla fyrir alla sem koma að og opnar ný tækifæri fyrir bæði jákvæðari og grænni framtíð.

Team Spark vill þakka þér fyrir allan stuðning sem þú getur sýnt liðinu, fjárhagslegan, efnalegan eða að öðrum hætti. Þessi liðsreynsla er einungis möguleg gegnum frábært lið með geðveikum liðsanda og stuðning styrktaraðila, með sameiginlegum kröftum er allt mögulegt.

STYRKTARÞREP											
Styrktarpakkar	Upphæð	Vefsíða	Auglýsinga borði	Liðsbolir	Bíll	Samfélags miðlar	Kynningar	Pakkar póstar	Dagatal	Hjálmur	Fatnaður
Ál	< 250.000										
Bronz	250.000-500.000										
Silfur	500.000 - 1.000.000										
Gull	1.000.000 - 2.000.000										
Platinum	> 2.000.000										

# TAKK FYRIR STUÐNINGINN!

